2021-02-0013

YFIRLÝSING UM LANDAMERKI

MILLI HJARÐARDALSJARÐA OG TUNGU Í FIRÐI Í ÍSAFJARÐARBÆ

Landamerki milli **Hjarðardalsjarða** (hluti af sameignarlandi margra landeigna) með landeignanr. L140957 (Neðri-Hjarðardalur 1), L140958 (Hjarðardalur Neðri 2), L140956 (Hjarðardalur-Fremri) og L140959 (Gil) annars vegar og **Tungu í Firði** með landeignanr. L141025 hins vegar hafa verið hnitsett. Lýsingu á legu landamerkjanna er að finna í meðfylgjandi uppdrætti (fylgiskjal 1) en hann lýsir sameiginlegum skilningi núverandi landeigenda framangreindra jarða um legu merkjanna.

Fullt samkomulag er meðal landeigenda að skipta landinu á þann hátt sem fram kemur á uppdrættinum (fylgiskjal 1) þar sem landamerki milli þeirra hafa verið sett inn með hnitum.

Í *Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958* er að finna eftirfarandi í lýsingum jarðanna:

Landamerkjabréf fyrir jörðina Tungu í Önundarfirði 1890 nr. 178.
Landamerki milli ***Tungu* og *Hóls* ræður svokölluð *Tunguá*, er rennur frá *fjalli* í svonefnda *Hestá*.** (athgr.:) Fyrir mörgum árum hefir *Tunguá* breytt farveg sínum og rennur nú nokkuð nær *Tungu* eptir eyrunum og má glöggt sjá farveg hvar áin hafði áður runnið og hefir *Tunga* haft þessar eyrar milli árinnar og farvegsins til slægna árlega. ***Flateyri 17/3 – 1890***
Landamerki milli *Tungu* og *Hestþorpa* ræður svokölluð *Hestá* til *fjalls*. (athgr.) Áður hafði *Hestá* runnið austan við svonefnda *Hvolpalænuhólma* en nú fellur áin Tungumegin en hólminn er eign *Tungu* og árlega sleginn þaðan. ***Tungu 11/3 1890***

Landamerki Fremri Hjarðardals nr. 49. Mýrahreppi.
Landamerkjabréf fyrir jörðinni Fremri-Hjarðardal í Mýrar-þinghá í *Ísafjarðarsýslu*.
Það gjörist hér með kunnugt öllum þeim, sem þetta bréf sjá eða heyra, að landamerki jarðarinnar Fremri-Hjarðardals í Mýrar-þinghá í Dýrafirði eru, eptir því sem menn vita réttast og eptir því sem ábúendur nefndrar jarðar notað hafa átölulaust frá ómunatíð: að neðanverðu lækur, sem greint er frá landamerkjabréfi Neði-Hjarðardals, að framanverðu Skolladalsá, sem fellur úr litlu dalverpi uppi í fjallinu og heitir Skolladalur, í á, er rennur eptir endilöngum dalnum. Milli þessara merkja ráða fjöll uppi, en langáin riðri. **Auk þessa á jörðin að jöfnu hlutfalli við Neðri-Hjarðardal eptir dýrleika beggja jarðanna dal þann, sem liggur frá Skolladasá frameptir, eptir því sem fjöll segja uppi, en langáin niðri ekki allt til Fremra-Fannargils og það frá báðumegin árinnar fram á fjöll að frá skildi slægjulandi í svo kölluðum Engjalágum.**
Hjarðardal, 13. júní 1886

Landamerki Neðri Hjarðardals nr. 48. Mýrahreppi.
Landamerkjasrá fyrir jörðunni Neðri Hjarðardal í Mýra-þinghá í Ísafjarðarsýslu.
Öllum þeim mönnum er þetta bréf ejá eður heyra kunngjörist hér með að þessi eru landamerki jarðarinnar Neðri Hjarðardals í Mýrar-þinghá í Dýrafirði. Að utanverðu milli Gemlufalls og Hjarðardals eru merkin í svonefndan Grafaldalæk, eins og hann rennur frá fjalli til fjöru. **Að innanverðu milli Höfða og Hjarðardals ræður Hjarðardalsá allt neðan frá sjó og fram að fremra Fannargili, þar fyrir framan á Hjarðardalur dalinn allan beggja megin árinnar.** En milli Fremri- og Neðri Hjarðardals eru merkin þannig rituð í landamerkjabréfi frá 1461, að Fremri-Hjarðardalur á land milli Skolladalsár og Hjarðardalslækjar, sá lækur er nú nefndur Markalækur og sprettur upp undan ytri hryggnum, og rennur þaðan ofan í ána utan til við ytri hrygginn. **Báðar jarðirnar hafa sambeit á dalbrúnum allstaðar þar sem ekki er slægjuland, en lyngrif eða hrísrif má hvorugur ábúandinn Fremri- eða Neðri Hjarðardals brúka fyrir framan Skolladalsá, nema eptir tiltölu að ábúðarhundraðstök, eptir því sem hver setur á. En ef við, sem nú lifum, eða aðrir leyfum frekara en hér er ákveðið, þá breytir það engu þeim réttu landamerkjum, sem hér að framan eru rituð.** Neðri-Hjarðardal, þann 24. apríl 1886

Landamerki Fremri Hjarðardals skv. bréfi frá 1461. Úr Íslenzkt Fornbréfasafn, Fimta Bindi 1330-1476. Má finna eftirfarandi lýsingu:
231. 18. Descember 1461. Á Skjallandafossi.
Haldór Sveinsson selr Þórkatli Einarssyni Hjarðardal enn fremra í Dýrafirði hálfan >milli Skolladalsár og Hjarðardals-lækjar<, og kvittar fyrir andvirðir
AM. Fasc. XV, 6. Frumritið á skinny. Innsiglið er dottið frá.
Þath giore ek halldor sueinsson godum monnum vituriigt med þessu minu brefe at ek hefe sellt þorkatle einarssene til æfinligrar eignar halfan hiardardal eH fremra j dyrafirde at lig(g)ur j myra kirkiu sokn mille skolladalsar ok hiardardalslækiar ok miH fader fieck mer hana med þessum landamerkium og hann hugde hana suo at ek visa med þessum landamerkium. Hefer ek fulla ok alla peninga upp bored fyrir fyr greida jord halfan hiardardal af þorkatle einarssene suo mic ja allaH stad vel ænæger. Skal ok halldor suara lagariptingum æ greindre jordu en þorkell hallda till aga ok þui giorer ek hann kuittan ok akærulausan fyrir mer ok ollum minum epterkomendum um fyr greinda jord. Ok til sanninda her vm seta ek mitt insigli fyrir þetta kuittunarbref giort æ skiallandafosse faust(u)dag næasta fyrir tomasmessu postula þa er lidet var fra hingatburd vors hera jhesv cristi þusund cccc sextiger ok et tar.

Fh. DJ. GPM. ÍGÁ 20.02.21
SLÖ 22.02.21
KBD 06.03.21
Fh. ~~Fremri~~-Hjarðardalur GÞM RÞK 22.02.21
VJO 06.03.21
HÞ 22-02 '21

Í landamerkjayfirlýsingu þessari hafa landamerki á milli Hjarðardalsjarða og Tungu í Firði í Ísafjarðarbæ verið hnitsett í samræmi við ofangreindar lýsingar.

FRAMKVÆMD HNITSETNINGAR

Hnitakerfi: Landshnitakerfi, viðmiðun ISN93

Aðferð og uppruni hnita:
Myndkort Loftmynda ehf. Með 50 cm greinihæfni byggt á loftmyndum teknum árin 2011/2017. Nákvæmni 1m.

Skýringar:

Hnit: **X** hnit jafngildir austurhniti (lengdarbaugur / austurás).
Y hnit jafngildir norðurhniti (breiddarbaugur / norðurás).

Punktar: Hér er sett inn skammstöfun fyrir kennileiti á korti

Hnitpunktar:

HJARÐARDALUR - TUNGA Í FIRÐI		HdTf	
Nr. Punkts	**X-hnit**	**Y-hnit**	**Lýsing**
HdLdTf	X=305981.8255	Y=610950.6629	Sameiginlegt hnit Lambadals, Hjarðardals og Tungu í firði
HdTf-1	X=305715.2056	Y=610638.5912	
HdTf-2	X=305064.7315	Y=610454.0273	
HdHfTf	X=304228.7117	Y=610782.6794	Sameiginlegt hnit Hjarðardals, Hóls í Firði og Tungu í Firði

fh. Db. GFM. STÞ 22.02.21
TGAG 20.02.21
Fh. Hjarðard ehf. EBM Rvik 22.02.21
VJO 06.03.21
H.Þ 22-02 '21
KBO 06.03.21

UNDIRSKRIFTIR

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

_____
Heiða Hrund Jack kt. 051178-4759

Eigandi Tungu í Firði

fh.Db. GFM. 20.02.21.

_____
Guðrún F. Magnúsdóttir kt. 120628-2759 (dánarbú)

Eigandi Neðri-Hjarðardals 1

Hermann Drengsson 22.02.'21
Hermann Drengsson kt. 250464-2669

Eigandi Hjarðardalur Neðri 2

Fh. Hjarðardalur ehf. EBM Rvík 22.02.21
Hjarðardalur ehf. kt. 690419-0840

Eigendur Hjarðardalur-Fremri

RVK 22.02.21

_____
Steinþór Auðunn Ólafsson kt. 131068-4099

Eigendur Gili

Valgerður Jóna Oddsdóttir 06.03.21
Valgerður Jóna Oddsdóttir kt. 220569-2929

Kristín Berglind Oddsdóttir 06.03.21
Kristín Berglind Oddsdóttir kt. 220569-5949

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði

040219 7219

300782-3239

2021-02-0013

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • danarbu@syslumenn.is • kt. 650914-2520 • sími 458-2000

Ingibjörg S Ásgeirsdóttir
Valhúsabraut 27
170 Seltjarnarnesi

Kópavogi, 22. september 2020
Málsnúmer: 2020-016280

Leyfi til einkaskipta á dánarbúi

Nafn látna: **Guðrún F Magnúsdóttir**
Kennitala: **120628-2759**
Dánardagur: **30. maí 2020**
Lögheimili: **Valhúsabraut 27, 170 Seltjarnarnesi**

Það staðfestist að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu veitti erfingjum leyfi til einkaskipta á dánarbúinu þann 22. september 2020 og var erfingjum veittur frestur til að ljúka skiptum til 30. maí 2021.

Erfingjar eru:

Kennitala	Nafn	Heimili	Tengsl
290454-7949	Ásgeir Ásgeirsson	Lágmóa 7, 260 Reykjanesbæ	Sonur
120649-7019	Ingibjörg S Ásgeirsdóttir	Valhúsabraut 27, 170 Seltjarnarnesi	Dóttir

Umboðsmaður erfingja: Ingibjörg S Ásgeirsdóttir, kt. 120649-7019

Umboðsmaður erfingja kemur fram af þeirra hálfu og í nafni dánarbúsins í samskiptum við aðra, þar á meðal við ráðstöfun eigna og viðtöku andvirðis þeirra, opinbera skýrslugerð og veitir tilkynningum í þágu erfingja vegna dánarbúsins viðtöku, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Ýr Vésteinsdóttir, fulltrúi

Hnitaskrá

ÍSNET -93

HJARÐADALUR - TUNGA Í FIRÐ		**HdTf**
HdLdTf	X=305981.8255	Y=610950.6629
HdTf-1	X=305715.2056	Y=610638.5912
HdTf-2	X=305064.7315	Y=610454.0273
HdHfTf	X=304228.7117	Y=610782.6794



Loftmyndir ehf

Uppruni hnita: Myndkort Loftmynda ehf. með 50cm greiningarhæfni byggt á loftmynd frá árinu 2017

Fh. DB GPM. 20.02.21 SEO 22.02.21 VJO 06.03.21 KBO 06.03.21 HÞ. 22.02.21
Fh. Hjarðardalur ehf ÁBM. RVÍK 22.02.21

Hjarðardalur/Tunga í Firði	Mælikvarði: 1:8000	Frumstærð blaðs: A3	Hugrún Þorsteinsdóttir	Arkitekt FAÍ kt: 110972-3429	M11 TEIKNISTOFA
Afstöðuuppdráttur landamerki	Teiknað: HÞ	Verknr: 20-23	sími: 862 6099	hugrun@m11.is	
	Yfirfarið: JGM	Dagsetn.útgáfu: 11.02.2021	Jón Grétar Magnússon	Byggingafræðingur kt: 010573-4679	
			sími: 866 6099	jon@m11.is	